

Nd.

39. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka tjón landsins af innflutningstálmunum á síðasta ári.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka, hverjir beri ábyrgð á því tjóni, sem þjóðin hefir beðið vegna innflutningstálmana á síðasta ári. Nefndin skal skipuð þannig, að hver stjórnaráflokkur í deildinni tilnefni í hana einn mann. Skal hún hafa lokið störfum fyrir þinglok og vinni kauplaust.

Nefndin hefir vald til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar.

G r e i n a r g e r ð.

Gjaldeyrisvandræði hömluðu að engu leyti þjóðinni á síðasta ári, að svo miklu leyti sem hægt var að greiða fyrir erlendar vörur í sterlingspundum. Fyrri hluta og miðbik ársins voru frekar litlar skorður settar fyrir útflutningi vara frá Englandi. Það var því gott tækifæri til að fá raunveruleg verðmæti fyrir útflutningsafurðir landsmanna þá. En þetta var að mestu leyti hindrað með skorðum, sem innflutningnum hingað til lands voru settar af aðilum innanlands. Í stað þess að auka innflutninginn og reyna að birgja landið upp að þeim vörum, er fánlegar voru, var dregið úr innflutningnum, svo að magnið varð minna en undanfarin ár.

Með þessum aðförum hefir þjóðinni verið bakað stórtjón. Jafnvel stuðningsblöð ríkisstjórnarinnar viðurkenna, að þetta tjón nemi tugum milljóna króna.

Þjóðin á heimtingu á því að fá það upplýst að fullu, hverjir það séu, sem í rauninni beri ábyrgðina á þessu tjóni. Þessi tillaga miðar að því, að það verði rannsakað af þingsins hálfu. Ætla mætti, að ekkert væri því til fyrirstöðu, a. m. k. frá þeirra hálfu, sem ekki vilja teljast meðábyrgir um þetta tjón.